



ÞÍN RÉTTINDI Á NETINU

Barnasáttmálinn og netið



Netvís



INHOPE



Better Internet
for Kids

Þú átt réttindi á netinu alveg eins og annars staðar

Þú átt til dæmis rétt á friðhelgi einkalífs og persónuvernd.

Það sama gildir um önnur börn og ungmenni – þau eiga nefnilega sömu réttindi og þú! **Þess vegna skiptir máli að sýna öðrum virðingu og tillitssemi á netinu.**





Réttur til jafns aðgangs

Öll börn eiga rétt á aðgangi að netinu og að tækni til að læra, leika sér og tengjast öðrum í gegnum netið – óháð því hvar þau búa eða hvaðan þau koma.

Ríki og samfélag eiga að vinna gegn stafrænu misrétti og tryggja að enginn sé skilinn eftir.



Réttur til að tjá sig

Þú mátt segja þína skoðun, setja fram hugmyndir og taka þátt í umræðum á netinu – svo lengi sem þú virðir réttindi annarra.

Þú átt rétt á að aðgangur þinn að upplýsingum sé ekki lokaður nema með góðum ástæðum (t.d. til að vernda þig eða aðra gegn skaða).

16



PERSÓNUVERND
OG EINKALÍF

Réttur til friðhelgi einkalífs

Þú átt rétt á að gögnunum þínum og persónuupplýsingum sé ekki safnað eða deilt án leyfis.

Þú átt rétt á að vita hvaða gögn eru í notkun eða dreifingu um þig, breyta þeim eða láta eyða þeim.



AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM

Réttur til að fá upplýsingar

Þú átt rétt á að finna áreiðanlegar, fjölbreyttar og auðskiljanlegar upplýsingar á netinu.

Þú átt rétt á að fá fræðslu um hvernig á að þekkja rangar eða skaðlegar upplýsingar.

19



**VERND GEGN
OFBELDI**

Réttur til verndar og öryggis

Þú átt rétt á að vera vernduð/að/aður gegn ofbeldi, áreiti, einelti, hatursorðræðu, svikum og misnotkun á netinu.

Þú átt rétt á að þjónusta og tæki séu hönnuð með öryggi barna í huga (t.d. öruggar stillingar, aldursviðeigandi efni).

28



AÐGANGUR AÐ
MENNTUN

Réttur til að læra og skapa

Netið á að hjálpa bér að læra, kanna heiminn, skapa og fá hugmyndir.

Þú átt rétt á miðlalæsi – að læra að nota tæknina örugglega og ábyrgt.



31

**HVÍLD, LEIKUR,
MENNING OG
LISTIR**

Réttur til að leika sér og eiga frítíma

Þú mátt nota netið til að leika þér, skemmta þér og eiga samskipti við vini.

Þú átt líka rétt á tíma án skjás – jafnvægi milli netnotkunar og daglegs lífs án skjás er mikilvægt.

39



BATI OG AÐLÖGUN

Réttur til hjálpar

Ef þér líður illa eða þú upplifir hættu á netinu áttu rétt á aðstoð, stuðningi og öruggum leiðum til að tilkynna um vandamál.

Þjónustan á að vera ókeypis, bundin trúnaði og aðgengileg öllum börnum.



42

**ALLIR VERÐA AÐ
ÞEKKJA RÉTTINDI
BARNA**

Réttur til að stjórnvöld þekki Barnasáttmálann

Stjórnvöld skulu fræða börn og fullorðna um Barnasáttmálann reglulega svo allir þekki réttindi barna.

**Þú finnur meira
um þín réttindi
í Barnasáttmálum
á **barnasattmali.is****



Netvis



INHOPE



Better Internet
for Kids